



Fundargerð

Boðandi	Hjalti Jón Guðmundsson	Dagsetning	09.01.2024
Staðsetning	TEAMS	Tími	09:30 – 11:00
		Málsnúmer	MAR23110134

Boðuð Haraldur L. Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige
Þátttakendur Haraldur L. Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige

63. fundur Fiskeldisjóðs

Stjórn sjóðsins hittist á TEAMS fjarfundi kl. 09:30 og undirbjó fund með sveitarfélögum sem hófst klukkan 10:00.

Eftirfarandi aðilar voru boðaðir á fundinn:

Ólafur Þór Ólafsson
Bragi Þór Thoroddsen
Jón Páll Hreinsson
Gauti Jóhannesson
Aðalheiður Borgþórsdóttir
Arna Lára Jónsdóttir
Jóna Árný Þórðardóttir
Þorgeir Pálsson
Björn Ingimarsson

Mættir á fundinn voru:

Ólafur Þór Ólafsson
Bragi Þór Thoroddsen
Jón Páll Hreinsson
Gauti Jóhannesson
Aðalheiður Borgþórsdóttir
Arna Lára Jónsdóttir
Jóna Árný Þórðardóttir

Á fundinum kynnti stjórn sjóðsins drög að breyttum úthlutunarreglum. Í drögunum er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingu:

Í umsókn skal koma fram hvort líklegt sé að sótt verði um framhaldsstyrk vegna næsta áfanga verkefnisins og skulu þá atriði sem fram koma í a og b. lið einnig ná til verkefnisins í heild.

Heimilt er að sækja um framhaldsstyrk til verkefna sem ná yfir lengri tíma en eitt ár. Áfangaskipta verður verkefninu í verkþætti sem sýnt er að verði lokið innan 12 mánaða frá því samningur er undirritaður.

Nokkrar umræður voru í kjölfarið almennt um starfsemi sjóðsins.



Fundargerð

Stjórn sjóðsins óskaði eftir því að sveitarfélög myndu senda stöðu úthlutaðra verkefna aftur til ársins 2021.

Óskað var þess að athugasemdir við úthlutunarreglur og lýsing á stöðu verkefna myndi berast fyrir lok dags þann 15. jan. nk.

Fyrirhugað er að auglýst verði eftir umsóknum í sjóðinn fyrir lok næstu viku.

Samþykktar voru fundargerðir funda dags. 20. desember og 10. október 2023.

Næsti fundur

17. janúar 2024, 09:30, TEAMS.